



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 18. september 2023, fundur hófst kl 18:30.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Sverrir Einarsson formaður, Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Davíð Áskelsson, Gunnar Már Þorðarson, Haraldur Pétursson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

1. Gögn frá VSÓ um félagshesthús og kennsluhöll skoðuð og rædd, um drög er að ræða. Endanleg gögn væntanleg á næstu dögum þá verður hægt að óska eftir fundi með bæjarfélögunum og leggja þau gögn fram.
2. Gunnari Má finnst Sprettur þurfi að ræða við bæjarfélögin um millibils lausn um hesthúsaðstöðu fyrir félagshesthús þar til framtíðar félagshesthús rís á svæðinu.
3. Umsjónarmaður Félagshesthús fær tvær stíur til afnota í húsinu eins og verið hefur undanfarin ár. Samið hefur verið við Jónu Guðný Magnúsdóttur að sjá um félagshesthúsið í vetur.
4. Davíð segir frá fundi sínum með Kristínu Njals sem hefur haldið utanum skítalosunarmál á Terrakörum. Ljóst er að Terra mun ekki halda áfram að þjónusta Sprett með skítalosun á svæðinu. Rætt var hvort hægt sé að nota fiskör í staðinn fyrir Terrakör sem yrðu tæmd reluglega, þjónusta sem félagsmenn gætu keypt af Spretti.
5. Brýnt að félagið vinni að lausn á framtíðar skítalosunarsvæði fyrir félagsmenn, með hvaða hætti er hægt að greiða leið fyrir félagsmenn til að losna við skít?
6. 4 félagsmenn hafa gefið kost á sér í Sjálfbærnefnd Sprettis.
7. Nokkrir sjálfbóðaliðar gefið kost á sér að standa vaktina við að taka á móti plasti með reglulegu millibili.
8. Meistardeildin hefur sent fyrirspurn um keppniskvöld og æfingatíma hjá Spretti. Samhljómur um að ekki sé pláss eða tími til að taka við MD í Samskipahöllina.

9. Fjármál félagsins rædd, styrkir frá bæjarfélögunum að koma í hús um þessar mundir.
10. Stóðhestauglýsingar í Samskipahöll ræddar. Reikningar verða sendir út á næstunni.
11. Starf umsjónamanns eigna rætt, auglýst verður eftir starfsmanni í hlutastarf.
12. Starf yfirþjálfara rætt. Samþykkt var að yfirþjálfari starfi undir stjórn framkvæmdastjóra. Gerð verður ný starfslýsing yfirþjálfara.

Fundi slitið 20:50

Fundargerð ritaði Lilja Sigurðardóttir